

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1039**2015/EES/74/71****frá 30. júní 2015****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar flugprófanir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr. og 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Breyta ætti reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012⁽²⁾ í því skyni að hafa eftirlit með, sem hluta af flugskilyrðum, hæfni og reynslu flugmanna og yfirflugprófunarfræðinga, með hliðsjón af því hversu flóknar framkvæmdar flugprófanir eru og hversu flókið loftfarið er, í því skyni að auka öryggi og samræmingu krafna um hæfni og reynslu áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum í Sambandinu.
- 2) Til að stuðla að öruggri framkvæmd flugprófana ætti einnig að innleiða kröfur, sem gilda um framleiðslu- og hönnunarfyrtæki sem framkvæma flugprófanir, og kröfu um að til staðar sé handbók um flugprófanir þar sem skilgreind eru stefnumál fyrirtækisins og nauðsynlegar verklagsreglur í tengslum við flugprófanir. Handbókin ætti að innihalda stefnumál og verklagsreglur í tengslum við samsetningu og hæfni áhafnar, hverjir eigi að vera um borð auk flugverjanna, upplýsingar um áhættu- og öryggisstjórnun sem og mælitæki og búnað sem nauðsynlegt er að hafa um borð.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003⁽³⁾ hefur verið endurútgefin til glöggvunar. Þar sem vísað er til reglugerðar (EB) nr. 2042/2003 í EASA-eyðublaði nr. 15a, sem mælt er fyrir um í II. viðbæti við I. viðauka (21. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, er nauðsynlegt að uppfæra þá tilvísun.
- 4) Nauðsynlegt er að gefa flugiðnaðinum og aðildarríkjunum nægan tíma til að laga sig að þessum kröfum. Þar af leiðandi ætti að kveða á um viðeigandi umbreytingarákvæði. Þó ætti að fresta gildistökudegi tiltekinna breytinga sökum sérstaks eðlis þeirra.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting

Ákvæðum 21. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þau aðildarríki sem gáfu út þjóðarskrteini 21. júlí 2015 fyrir áhöfn, sem tekur þátt í flugprófunum, þó ekki flugmenn, geta haldið því áfram í samræmi við landslög sín fram til 31. desember 2017. Handhafar þessara skírteina geta haldið áfram að neyta réttinda sinna fram til þess dags.

2. Eftir 31. desember 2017 geta umsækjendur um eða handhafar flugleyfis haldið áfram að nota þjónustu flugmanna, sem framkvæma reynsluflug í flokki þrjú eða fjögur, eins og um getur í XII. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, og þjónustu flugprófunarfræðinga sem hafa sinnt flugprófunum í samræmi við gildandi reglur landslaga fyrir þessa dagsetningu. Notkun þessarar þjónustu takmarkast við starfssvið áhafnarinnar, sem tekur þátt í flugprófunum, eins og það er ákvarðað fyrir 31. desember 2017.

Starfssvið áhafnarinnar, sem tekur þátt í flugprófunum, skal ákvarðað af umsækjanda um eða handhafa flugleyfis, sem notar eða ætlar sér að nota þjónustu áhafnarinnar, á grundvelli reynslu og þjálfunar áhafnarinnar á sviði flugprófana, sem og á viðeigandi skjölum umsækjanda um eða handhafa flugleyfis. Starfssvið áhafnarinnar, sem tekur þátt í flugprófunum, skal gert aðgengilegt lögbæru yfirvaldi.

Hvers konar viðbót eða aðrar breytingar, sem gerðar eru á starfssviði áhafnarinnar, sem tekur þátt í flugprófunum, sem umsækjandi um eða handhafi flugleyfis, sem notar eða ætlar sér að nota þjónustu áhafnarinnar, hefur ákvarðað fyrir áhöfnina, skulu vera í samræmi við kröfur XII. viðbætis I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

3. Fram til 31. desember 2015 geta lögbær yfirvöld haldið áfram að gefa út lofhæfistaðfestingarvottorðið EASA-eyðublað nr. 15a, eins og mælt er fyrir um í II. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, sem var í gildi fyrir 21. júlí 2015. Skírteini, sem gefin eru út fyrir 1. janúar 2016, halda gildi sínu þar til þeim hefur verið breytt, þau hafa verið felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. júlí 2015.

Þó gildir eftirfarandi:

- a) ákvæði 2. og 3. liðar í viðaukanum gilda frá 1. janúar 2016 og b-liður þessarar greinar gildir að því marki sem vísað er til í XII. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
- b) ákvæði 6. liðar í viðaukanum, að því er varðar D-lið XII. viðbætis, gilda frá 1. janúar 2018 án þess að hafa áhrif á kröfurnar sem þegar hafa verið innleiddar með I. viðauki (FCL-hluta) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011⁽⁴⁾.

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumedferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) bæta skal eftirfarandi færslu við efnisyfirlitið:

„XII. viðbætur — Flokkar reynsluflugs og tilheyrandi starfsréttindi áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum 85“.

2) Eftirfarandi 13. liður bætist við a-lið 21.A.143:

„13. Ef framkvæma á reynsluflug, handbók um flugprófanir þar sem skilgreind eru stefnumál og verklagsreglur fyrirtækisins í tengslum við flugprófanir. Handbókin um flugprófanir skal innihalda:

- i. lýsingu á ferlum fyrirtækisins varðandi flugprófanir, þ.m.t. aðild fyrirtækisins, sem annast flugprófanir, að útgáfuferli flugleyfa,
- ii. lýsingu á starfsmannastefnu við ráðningu áhafnar, þ.m.t. samsetning, hæfni, reynsla og fartímamörk í samræmi við XII. viðbæti við þennan I. viðauka (21. hluta), eftir atvikum,
- iii. ferli varðandi flutning annarra einstaklinga en flugliða og reynsluflugspjálfun, þegar það á við,
- iv. stefnu um áhættu- og öryggisstjórnun og tilheyrandi aðferðir,
- v. aðferðir til að auðkenna mælitækin og búnaðinn um borð,
- vi. skrá yfir skjöl sem útbúa þarf í tengslum við flugprófanir.“

3) Í stað a-liðar í 21.A.243 komi eftirfarandi:

„a) Hönnunarfyrirtækið skal láta Flugöryggisstofnuninni í té handbók þar sem viðeigandi verklagsreglum og framleiðsluvörum eða breytingum á framleiðsluvörunum, sem á að hanna, er lýst beint eða með millivísunum. Ef framkvæma á flugprófanir skal leggja fram handbók um flugprófanir þar sem skilgreind eru stefnumál og verklagsreglur fyrirtækisins að því er flugprófanir varðar. Handbókin um flugprófanir skal innihalda:

- i. lýsingu á ferlum fyrirtækisins varðandi flugprófanir, þ.m.t. aðild fyrirtækisins, sem annast flugprófanir, að útgáfuferli flugleyfa,
- ii. lýsingu á starfsmannastefnu við ráðningu áhafnar, þ.m.t. samsetning, hæfni, reynsla og fartímamörk í samræmi við XII. viðbæti við þennan I. viðauka (21. hluta), eftir atvikum,
- iii. ferli varðandi flutning annarra einstaklinga en flugliða og reynsluflugspjálfun, þegar það á við,
- iv. stefnu um áhættu- og öryggisstjórnun og tilheyrandi aðferðir,
- v. aðferðir til að auðkenna mælitækin og búnaðinn um borð,
- vi. skrá yfir skjöl sem útbúa þarf í tengslum við flugprófanir.“

4) Í stað 2. liðar b-liðar 21.A.708 komi eftirfarandi:

„2. hvers konar skilyrði eða takmarkanir, sem settar eru á flugliðana sem eiga að fljúga loftfarinu, til viðbótar við þær sem skilgreindar eru í XII. viðbæti við þennan I. viðauka (21. hluta).“.

5) Í stað II. viðbætur komi eftirfarandi:

„II. viðbætur

Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15a

[AÐILDARRÍKI]	
Aðildarríki Evrópusambandsins (*)	
LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ	
Tilvísunarnúmer vottorðs:	
Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:	
Framleiðandi loftfars:	
Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið:	
Einkennisstafir loftfars:	
Raðnúmer loftfars:	
telst lofthæft við staðfestinguna.	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):	
Undirskrift:	Númer heimildar:
Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):	
Undirskrift:	Númer heimildar:
Heiti fyrirtækis:	Tilvísunarnúmer samþykkis:
Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):	
Undirskrift:	Númer heimildar:
Heiti fyrirtækis:	Tilvísunarnúmer samþykkis:

EASA-eyðublað nr. 15a, 4. útgáfa

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.

(**) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.“

6) Eftirfarandi XII. viðbætur bætist við:

„XII. viðbætur

Flokkar reynsluflugs og tilheyrandi starfsréttindi áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum

A. Almenn

Í þessum viðbæti eru ákvarðaðar kröfur um starfsréttindi flugliða, sem taka þátt í að reynslufjúga loftförum, sem eru vottuð eða sem á að votta í samræmi við vottunarforskrift CS-23 fyrir loftför með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 2 000 kg eða meiri, vottunarforskriftir CS-25, CS-27, CS-29 eða sambærilegar loftþæfireglur.

B. Skilgreiningar

1. „flugprófunarfræðingur“ (e. *flight test engineer*): allir sérfræðingar, sem taka þátt í aðgerðum í tengslum við flugprófanir, hvort heldur sem er á jörðu niðri eða á flugi,
2. „yfirflugprófunarfræðingur“ (e. *lead flight test engineer*): flugprófunarfræðingur sem er úthlutað skyldustörf um borð í loftfari í þeim tilgangi að framkvæma flugprófanir eða aðstoða flugmanninn við starfrækslu loftfarsins og kerfa þess meðan á flugprófunum stendur,
3. „reynsluflug“:
 - 3.1. flug sem farið er í tengslum við þróunarstig nýrrar hönnunar (loftfar, knúningskerfi, hlutir og búnaður),
 - 3.2. flug til að sýna fram á samræmi við vottunargrunn eða samræmi við tegundarhönnun,
 - 3.3. flug þar sem ætlunin er að prófa nýjar hönnunarhugmyndir, sem krefjast óvenjulegra flugbragða eða flugsniða, þar sem hugsanlega gæti þurft að fljúga utan fyrirframsamþykkt flugamma loftfarsins,
 - 3.4. flug sem farið er í tengslum við reynsluflugspjálfun.

C. Flokkar reynsluflugs

1. *Almenn atriði*

Lýsingarnar hér á eftir varða flug sem hönnunar- og framleiðslufyrirtæki framkvæma í samræmi við I. viðauka (21. hluta).

2. *Gildissvið*

Ef fleiri en eitt loftfar er notað við flugprófun skal meta flug hvers loftfars í samræmi við þennan viðbæti til að ákvarða hvort um sé að ræða reynsluflug og, þegar það á við, undir hvaða flokk flugið fellur.

Þær tegundir flugs sem um getur í 3. lið B-liðar í 6. lið eru einu tegundirnar sem falla undir gildissvið þessa viðbætis.

3. *Flokkar reynsluflugs*

Reynsluflugi er skipt í fjóra flokka:

3.1. Flokkur eitt (1)

- a) Fyrsta eða fyrstu flug með nýrri tegund loftfars eða loftfars þar sem flug- eða stjórnunareiginleikum hefur hugsanlega verið breytt verulega.
- b) Flug þar sem vænta má að fram komi flugeiginleikar sem eru talsvert frábrugðnir þeim sem þegar eru þekktir.
- c) Flug, sem farin eru, til að kanna ný eða óvenjuleg hönnunareinkenni eða -tækni.
- d) Flug, sem farin eru, til að ákvarða eða víkka fluggrammann.

- e) Flug til að ákvarða fyrirskipaða afkastagetu, flugeiginleika og stjórnunareiginleika þegar loftfarið nálgast mörk fluggrammans.
- f) Reynsluflugspjálfun fyrir reynsluflug í flokki 1.
- 3.2. Flokkur tvö (2)
- a) Flug, sem flokkast ekki sem flug í flokki 1, með loftfarstegund sem enn á eftir að votta.
- b) Flug, sem flokkast ekki sem flug í flokki 1, með fyrirframvottaðri loftfarstegund, að lokinni framkvæmd breytingar, sem hefur ekki enn verið samþykkt, og sem:
- krefjast mats á almennum eiginleikum loftfarsins eða
 - krefjast mats á almennu verklagi áhafnarinnar þegar nýtt eða breytt kerfi er starfrækt eða þegar þörf er á slíku kerfi eða
 - þurfa vísitandi að fara utan marka fyrirframsamþykkt starfræksluramma en innan marka fluggrammans sem á að rannsaka.
- c) Reynsluflugspjálfun fyrir reynsluflug í flokki 2.
- 3.3. Flokkur þrjú (3)
- Flug, sem farin eru í tengslum við útgáfu samræmisýfirlýsingar fyrir nýsmíðað loftfar, sem krefjast þess ekki að flogið sé utan markanna sem tilgreind eru í tegundarvottorðinu eða flughandbókinni.
- 3.4. Flokkur fjögur (4)
- Flug, sem flokkast ekki sem flug í flokki 1 eða 2, með fyrirframvottaðri loftfarstegund, að lokinni framkvæmd hönnunarbreytingar sem hefur ekki enn verið samþykkt.

D. Hæfni og reynsla flugmanna og yfirflugprófunarfræðinga

1. Almenn atriði

Flugmenn og yfirflugprófunarfræðingar skulu hafa þá hæfni og reynslu sem tilgreind er í eftirfarandi töflu.

Loftför	Flokkar reynsluflugs			
	1	2	3	4
Flugvélar í mjötluflokki eða loftför, eins og þau eru skilgreind í CS-23, með hönnunarhraða fyrir bratta lækkun (Md) yfir 0,6 eða hámarksflughæð yfir 7 260 metrum (25 000 fetum) sem og loftför eins og þau eru skilgreind í CS-25, CS-27, CS-29 eða sambærilegum lofhæfireglum.	Hæfnistig 1	Hæfnistig 2	Hæfnistig 3	Hæfnistig 4
Önnur loftför, sem skilgreind eru í CS-23, með skráðan hámarksflugtaksmassa 2 000 kg eða meiri.	Hæfnistig 2	Hæfnistig 2	Hæfnistig 3	Hæfnistig 4

1.1. Hæfnistig 1

1.1.1 Flugmenn skulu uppfylla kröfur I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011⁽⁵⁾.

1.1.2 Yfirflugprófunarfræðingur skal:

- hafa lokið með fullnægjandi hætti þjálfunarnámskeiði fyrir hæfnistig 1 og
- hafa að baki a.m.k. 100 fartíma flugreynslu, þ.m.t. reynsluflugspjálfun.

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumæðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stj.úð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

1.2. Hæfnistig 2

1.2.1 Flugmenn skulu uppfylla kröfur I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

1.2.2 Yfirflugprófunarfræðingurinn skal:

- a) hafa lokið með fullnægjandi hætti þjálfunarnámskeiði fyrir hæfnistig 1 eða 2 og
- b) hafa að baki a.m.k. 50 fartíma flugreynslu, þ.m.t. reynsluflugspjálfun.

Þjálfunarnámskeið fyrir hæfnistig 1 eða 2 fyrir yfirflugprófunarfræðinga skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi námsgreinar:

- i. afkastagetu,
- ii. stöðugleika og stjórn/stjórneiginleika,
- iii. kerfi,
- iv. stjórnun prófana og
- v. áhættu-/öryggisstjórnun.

1.3. Hæfnistig 3

1.3.1 Flugmaður eða flugmenn skulu a.m.k. hafa undir höndum bæði gilt skirteini fyrir þann flokk loftfara sem á að prófa og sem gefið er út í samræmi við FCL-hlutann og atvinnuflugmannsskirteini. Auk þessa skal flugstjórinn:

- a) hafa undir höndum reynsluflugsáritun eða
- b) hafa a.m.k. 1 000 fartíma flugreynslu sem flugstjóri loftfara, sem eru álíka flókin og með sambærilega eiginleika, og
- c) hafa tekið þátt í, að því er varðar hvern flokk eða tegund loftfars, öllum flugum sem eru hluti af áætluninni sem leiðir til útgáfu sérstaks lofthæfivottorðs fyrir a.m.k. fimm loftför.

1.3.2 Yfirflugprófunarfræðingur skal:

- a) uppfylla kröfur fyrir hæfnistig 1 eða 2 eða
- b) hafa öðlast umtalsverða flugreynslu, sem skiptir máli að því er verkefnið varðar, og
- c) hafa tekið þátt í öllum flugum sem eru hluti af áætluninni sem leiðir til útgáfu sérstaks lofthæfivottorðs fyrir a.m.k. fimm loftför.

1.4. Hæfnistig 4

1.4.1 Flugmaður eða flugmenn skulu a.m.k. hafa undir höndum bæði gilt skirteini fyrir þann flokk loftfara sem á að prófa og sem gefið er út í samræmi við FCL-hlutann og atvinnuflugmannsskirteini. Flugstjórinn skal vera handhafi reynsluflugsáritunar eða hafa a.m.k. 1 000 fartíma að baki sem flugstjóri loftfara sem eru álíka flókin og með sambærilega eiginleika.

1.4.2 Hæfni og reynsla yfirflugprófunarfræðinga er skilgreind í handbókinni um flugprófanir.

2. Yfirflugprófunarfræðingar

Yfirflugprófunarfræðingar skulu fá leyfi frá því fyrirtæki sem ræður þá til starfa þar sem fram kemur umfang verkefna þeirra innan fyrirtækisins. Í leyfinu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) nafn,
- b) fæðingardagur og -ár,

- c) reynsla og þjálfun,
- d) staða innan fyrirtækis,
- e) gildissvið leyfisins,
- f) dagsetning fyrstu útgáfu leyfisins,
- g) dagsetning sem leyfið fellur úr gildi, ef við á, og
- h) kenninúmer leyfisins.

Yfirflugprófunarfræðingum skal aðeins úthlutað tiltekið flug ef þeir eru líkamlega og andlega hæfir til að inna af hendi skyldu- og ábyrgðarstörf með öruggum hætti.

Fyrirtækið skal gera allar viðeigandi skrár, sem varða leyfi, aðgengilegar leyfishöfum.

E. Hæfni og reynsla annarra flugprófunarfræðinga

Aðrir flugprófunarfræðingar um borð í loftfarinu skulu búa yfir reynslu og þjálfun, sem eru í samræmi við þau störf sem þeim er falið að sinna sem flugverjar og í samræmi við handbókina um flugprófanir, þegar það á við.

Fyrirtækið skal veita hlutaðeigandi flugprófunarfræðingi aðgang að öllum viðeigandi skrár sem varða flugstörf hans.“
